

Boreal ehf.  
Austurbergi 20  
111Reykjavík

Reykjavík, 23. júní 2021  
UST202104-253/I.M.B.  
09.07.01

## **Efni: Umsókn um gistingu í hústrukkum utan skipulagðra tjaldsvæða í Friðlandi að Fjallabaki**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Boreal ehf. og Þorvarðs Inga Þorbjörnssonar dagsett 20. apríl 2021, þar sem sótt er um leyfi til næturdvalar í hústrukkum utan tjaldsvæða innan Friðlands að Fjallabaki. Í umsókninni er vísað til 3. mgr. 22. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem segir leita skuli leyfis landeiganda eða annars réttshafa ef nota á húsbíla og annan sambærilegan búnað utan skipulagðra tjaldsvæða utan þéttbýlis.

### ***Friðland að Fjallabaki og reglur um umferð og dvöl***

Friðland að Fjallabaki var friðlýst árið 1979. Megin einkenni svæðisins eru fjölbreytt landslag og landslagsheildir, mikill breytileiki jarðminja og jarðhitafyrirbæra, sérstakt en viðkvæmt lífríki, víðerni, kyrrð og litadýrð. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda þessar sérstæðu jarðminjar, landslag, lífríki og ósnortin víðerni svæðisins. Um verndarsvæðið gilda sérreglur, sbr. auglýsing nr. 354/1979 og stjórnunar- og verndaráætlun, sbr. auglýsing nr. 422/2021.

Í auglýsingu nr. 354/1979 um friðlýsingu svæðisins er sérstaklega fjallað um umferð og dvöl innan verndarsvæðisins og kemur m.a. fram að gangandi fólki er heimil för um friðlandið, enda fylgi það merktum stígum í Landmannalaugum og annars staðar þar sem það á við. Einnig kemur fram að umferð véknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og merktum slóðum á friðlandinu, sbr. regla 1. Hvað varðar heimild til að tjalda segir að ferðamönnum er heimilt að tjalda á merktum tjaldsvæðum á friðlandinu, svo og meðfram viðurkenndum gönguleiðum en eigi annars staðar nema með sérstöku leyfi, sbr. regla 2. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið, sbr. auglýsing nr. 422/2021, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem undirrituð var af ráðherra þann 30. mars 2021 og birt var í Stjórnartíðindum þann 6. apríl 2021 er að finna sérstakar reglur um umferð og dvöl í friðlandinu, sbr. IV. kafli. Þar segir, í reglu 11, að næturgisting er einungis heimil í skálum og á skilgreindum tjaldsvæðum innan friðlandsins. Tjöldun á öðrum stöðum en í Landmannahelli, Landmannalaugum og Hrafninnuskeri er háð samráði við landverði eða umsjónaraðila friðlandsins, sbr. kafli 3.7.5. Í kafla 3.7.5. um tjaldsvæði og hreinlætisaðstöðu er greint frá því að til að stýra álagi á svæðinu skal tjalda og hafa næturdvöl á skilgreindum tjaldsvæðum innan friðlandsins en skilgreind tjaldsvæði eru þrjú; í Landmannalaugum, Landmannahelli og Hrafninnuskeri. Tjöldun utan tjaldsvæða er óheimil nema að höfðu samráði við landverði eða umsjónaraðila friðlandsins.

Það athugast að framangreind umfjöllun um tjöldun og heimild til að tjalda vísar til notkunar viðlegutjalda. Af því leiðir að Umhverfisstofnunar getur einungis veitt undanþágu frá framangreindum reglum um tjöldun þegar um er að ræða viðlegutjöld.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 getur Umhverfisstofnun veitt undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar í tvenns konar tilvikum. Annars vegar ef það stríðir ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hefur óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúruminja sem friðlýsingin beinist að. Þetta getur átt við um minni framkvæmdir sem hafa lítil áhrif en eru af einhverjum ástæðum nauðsynlegar. Hins vegar er heimilt að veita undanþágu ef öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess.

Alla jafna getur stofnunin einnig, ef nauðsyn krefur, veitt leyfi til aksturs vélknúinna ökutækja utan vega í tveimur tilfellum, sbr. 3. mgr. 31. gr. nvl. Annars vegar vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og hins vegar vegna kvikmyndagerðar, að því tilskyldu að ekki sé unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt. Sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í auglýsingu um friðlýsingu svæðis eða í stjórnunar- og verndaráætlun ganga þó framur undanþágum frá meginreglunni um bann við akstri utan vega skv. 1. og 2. mgr. 31. gr., sbr. 9. mgr. ákvæðisins.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til að hafa næturdvöl í hústrukkum sem félagið Boreal ehf. hyggst leigja út til ferðamanna til að mynda við Jökulgilskvísl neðan brúar norðan ár, á vikrum sunnan Eskihlíðarvatns, á Markarfljótsaurum norðan Hrafninnuskers, við Laufbalavatn, á gamla vegslóðanum um Sigölduhraun, við Kirkjufellsvatn, við Tungnaá vestan Stakahnúks, við Hófsvað og við foss í Tungnaá undir Vesturbjöllum neðan Hófsvaðs. Stefnt er því að hafa næturdvöl á þessum svæðum í eina nótt á hverjum stað þegar vegir eru ekki lokaðir. Gert er ráð fyrir 1-3 trukkum á hverjum stað en það fer eftir staðháttum. Almenn er ekki gert ráð fyrir að fara út fyrir vegi eða bílastæði en ef það verður gert verður það á áreyrum eða gróðurvana vikrum. Klósett er um borð í trukkunum og ekki áætlað að neinn úrgangur verði skilinn eftir. Sótt er um leyfi á grundvelli 3. mgr. 22. gr. laga nr 60/2013 um náttúruvernd.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur að með því að veita undanþágu á reglum sem gilda um næturdvöl í friðlandinu verði það til þess fallið að auka álag á náttúru og lífríki innan friðlandsins og hafa neikvæð áhrif á verndargildi þess. Til þess að hægt sé að vinna að verndarmarkmiðum friðlandsins og varðveislu óbyggðarupplifunar og kyrrðar er mikilvægt að stýring umferðar á svæðinu sé skýr. Þrjú tjaldsvæði eru innan friðlandsins og eru þau m.a. til þess fallin að draga úr álagi á gróður og dýralíf annarsstaðar í friðlandinu og er þar aðstaða fyrir hústrukka til að leggja yfir nótt á tveimur þeirra, í Landmannalaugum og Landmannahelli. Annað tjaldsvæðið er minna notað og því oftast en ekki meira næði þar.

#### ***Niðurstaða:***

Umhverfisstofnun fer með umsýsningu svæðisins af hálfu ríkisins en það er friðlýst sem friðland. Ákvæði auglýsingar nr. 354/1979 um friðlýsingu svæðisins og sérreglur í stjórnunar- og verndaráætlun ganga framur almennum ákvæðum náttúruverndarlaga, þ.m.t. 3. mgr. 22. gr. sömu laga. Heimild er til að veita leyfi fyrir tjöldun viðlegutjalda utan skilgreindra tjaldsvæða en sú heimild tekur ekki til næturgistingar í tjaldvögnum, fellihýsum, húsbýlum og öðrum sambærilegum búnaði. Ber því að skoða hvort unnt sé að veita undanþágu frá reglum

svæðisins á grundvelli 41. gr. náttúruverndarlaga. Samkvæmt ákvæðinu getur Umhverfisstofnun einungis veitt undanþágu frá reglum svæðisins, annars vegar ef það stríðir ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hefur óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúruminja sem friðlýsingin beinist að og hins vegar er heimilt að veita undanþágu ef öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess. Líkt og fram kemur í liðnum *áhrifamat* hér að ofan telur Umhverfisstofnun verkefnið til þess fallið að auka álag á náttúru og lífríki innan friðlandsins og hafa neikvæð áhrif á verndargildi þess. Þá verður ekki séð að öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir eigi hér við. Umhverfisstofnun telur umrætt verkefni því ekki falla undir undanþáguheimildir 41. gr. laga um náttúruvernd.

Ekki er skýrt í umsókninni hvort verkefnið sem sótt er um undanþágu vegna feli í sér akstur utan vega en þess ber að geta að Umhverfisstofnun hefur ekki heimild til að veita undanþágu frá banni við akstri utan vega vegna næturgistingar, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í ljósi framangreinds hafnar Umhverfisstofnun umsókn Boreal ehf og Þorvarðs Inga Þorbjörnssonar um að hafa næturgistingu utan tjaldsvæða í hústrukkum innan Friðlands að Fjallabaki.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir  
*sviðsstjóri*

Hákon Ásgeirsson  
*teymisstjóri*